

Afkoma VBS fjárfestingarbanka fyrstu 6 mánuði ársins 2008

-Traustur grunnrekstur þrátt neikvæða rekstrarniðurstöðu-

1. Lykiltölur og kennitölur úr árshlutareikningi

| Rekstrarreikningur | 6 mán. 2008 | 6 mán. 2007 | 6 mán. 2006 | 6 mán. 2005 |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Vaxtatekjur | 3.159.081 | 963.237 | 482.579 | 147.751 |
| Vaxtagjöld | 2.825.083 | 578.832 | 666.932 | 77.115 |
| Hreinar vaxtatekjur | 333.998 | 384.405 | -184.353 | 70.636 |
| Hreinar þjónustutekjur | 447.498 | 872.446 | 235.219 | 172.328 |
| Aðrar rekstrartekjur | -663.491 | 526.308 | -83.646 | 101.643 |
| Hreinar rekstrartekjur | 118.005 | 1.783.159 | -32.780 | 344.607 |
| Laun og tengd gjöld | 298.543 | 320.741 | 90.676 | 100.695 |
| Rekstrarkostnaður | 174.822 | 76.857 | 75.133 | 46.040 |
| Rekstrargjöld alls | 473.365 | 397.598 | 165.809 | 146.735 |
| Virðisrýrnun viðskiptavildar | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Virðisrýrnun útlána | 764.974 | 33.661 | 18.149 | 7.904 |
| Hagnaður fyrir skatta | -1.120.334 | 1.351.901 | -216.738 | 189.968 |
| Tekjuskattur | -249.370 | 238.140 | -43.496 | 33.569 |
| Hagnaður tímabils | -870.964 | 1.113.761 | -173.243 | 156.399 |
| Efnahagsreikningur | 30.6.2008 | 31.12.2007 | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
| Handbært fé | 118.271 | 1.351.424 | 151.576 | 277.716 |
| Lán og kröfur | 28.203.743 | 24.690.796 | 9.304.144 | 4.761.686 |
| Veltufjáreignir og fjáreignir á gangvirði | 22.524.288 | 5.714.831 | 5.686.838 | 996.056 |
| Aðrar eignir | 4.885.377 | 3.468.087 | 1.693.238 | 325.022 |
| Eignir samtals | 55.731.679 | 35.225.138 | 16.835.796 | 6.360.480 |
| Lántaka | 46.907.956 | 24.376.116 | 9.260.188 | 4.128.555 |
| Víkjandi lántökur | 541.812 | 500.936 | 473.818 | 412.917 |
| Aðrar skuldir | 1.151.220 | 2.029.567 | 962.286 | 568.681 |
| Eigið fé | 7.130.601 | 8.318.519 | 6.139.504 | 1.250.327 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 55.731.589 | 35.225.138 | 16.835.796 | 6.360.480 |
| Kennitölur | | | | |
| Eiginfjárpáttur A | 16,4% | 20,9% | 16,8% | 21,2% |

Eiginfjárlutfall (CAD) 16,9% 22,3% 20,8% 28,3%

Árshlutauppgjör VBS fjárfestingarbanka hf. sýnir að afrakstur bankans af grunnstarfsemi er góður þrátt fyrir að reksturinn sýni neikvæða niðurstöðu að upphæð 870 milljónir króna.

Vöxtur er á efnahagsliðum bankans um 58,2% frá áramótum og er niðurstöðutala efnahagsreiknings 55,7 milljarðar króna. Þóknunartekjur eru 448 milljónum krónur og hreinar vaxtatekjur 334 milljónir króna. Þá er eigið fé samkvæmt árhlutareikningi um 7,1 milljarður og eiginfjárlutfall (CAD) 16,9%

Helstu niðurstöður úr ársreikningi VBS fjárfestingarbanka fyrir tímabilið 1.1. – 30.6. 2008 :

- Tap bankans eftir skatta nam 871 milljón króna.
- Hreinar vaxtatekjur voru 334 mkr. samanborið við 384 mkr. á sama tímabili 2007
- Þóknunartekjur námu 447 milljónum króna.
- Launakostnaður var 298 milljónir samanborið við 320 milljónir á sama tímabili 2007.
- Eignir jukust um 58,2% á tímabilinu og eru nú 55,7 milljarðar.
- Eiginfjárlutfall reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki er 16,9%

2. Reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2007.

3. Umfjöllun um niðurstöður

Árshlutauppgjör VBS fjárfestingarbanka hf sýnir að afrakstur bankans af grunnstarfsemi var góður þrátt fyrir erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum á fyrri hluta ársins Þóknunartekjur námu 447 mkr. og hreinar vaxtatekjur 334 mkr.

Talsverður vöxtur var á efnahagsliðum bankans og er niðurstöðutala efnahagsreiknings 55,7 milljarðar króna. Í ljósi tímabundinnar óvissu á fasteignamarkaði nýtti bankinn sterka eiginfjárstöðu sína og færði varúðarfærslu vegna mögulegrar virðisrýrnunar útlána að upphæð 765 milljónir króna . Þannig hefur bankinn lagt til hliðar samtals 1.000 milljónir krónur til að mæta mögulegum útlánatöpum. Lætur nærri að það sé 3,6% af heildarútlánum bankans. Jafnframt voru eignir í óskráðum hlutabréfum færð niður sem nemur tæplega 400 milljónum króna. Niðurstaða rekstarreiknings varð því neikvæð á fyrri hluta ársins 2008 sem nemur um 871 milljón króna eftir skatta. Þá er eiginfjárlutfall bankans 16,9% en má lægst vera 8% samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Starfsmenn bankans eru nú rúmlega 40.

4. Horfur

Það er ánægjulegt að sjá að þekking og reynsla starfsmanna VBS, hafi tryggt tekjustraum bankans þrátt fyrir öflugan mótvind á mörkuðum, ekki síst fasteignamarkaði. Með því vitum við að hæfileikinn til

viðhalda traustum tekjum bankans er til staðar, sem er mjög mikilvægt. Við gerð uppgjorsins var lögð rík áhersla á að vanmeta ekki það tjón sem aðstæðurnar geta valdið bankanum, svo sem við mat á virðisrýrnun útlána og mat á virði hlutabréfa í eigu hans. Ljóst er að ytri aðstæður verða áfram nokkuð mótdrægar en við gerum ráð fyrir að það versta sé að baki. Það er því full ástæða til bjartsýni á framhaldið.

Nánari upplýsingar veitir Jón Þórisson, forstjóri VBS fjárfestingarbanka, í síma 842-2202